

Endurmenntun

Skrifað 14 maí 2011

Endurmenntun

Í vetur hafa fimm kennarar skólans verið í námi samhliða sinni vinnu.

Ragnar Bjarnason stundaði vettvangsnám í námsefnisgerð við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Sverrir Haraldsson stundaði meistaranám í sérkennslufræðum við Háskólann á Akureyri. Sverrir var reyndar í námsleyfi á haustönninni og leysti séra Þorgrímur Daníelsson hann af, sem námsráðgjafi þann tíma.

Friðrik Olgeir Júlíusson stundaði nám í gæðastjórnun við Háskólann á Akureyri.

Ragna Heibjört Þórisdóttir stundaði nám í kennslu- og uppeldisfræðum við Háskólann á Akureyri.

Birna Björnsdóttir stundaði nám í nýsköpun við Kennaraháskóla Íslands.

Þá stundaði **skólameistari** nám í skólastjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Þess utan sóttu **skólameistari** og **fjármálastjórinn, Rósa Bachmann** námskeið tengd rekstri og fjármálum.

Eins og ég hef áður sagt, tel ég það skipta miklu máli fyrir skólastofnun, sem er lifandi samfélag í sífelldri þróun, að starfsmenn hennar fylgist vel með og endurmennti sig reglulega.

Það er stefna skólans að styðja eftir kosti við bakið á þeim starfsmönnum, sem leggja á sig þá miklu vinnu sem því fylgir.

Þá má geta þess að hjónin Konráð Erlendsson og Gréta Ásgeirsdóttir munu verða í námsleyfi næsta vetur og halda til Kanada í júlí til náms.

Framkvæmdir

Skrifað 14 maí 2011

Framkvæmdir.

Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í vetur við byggingu sundlaugarinnar. Þær framkvæmdir teygja sig einnig inn í íþróttahúsið, þar sem búnings- og þjónustuaðstaða, ásamt rými fyrir tækjabúnað allan verður þar. Jafnframt þurfti að rífa allan suðurgafli hússins og endurbyggja hann.

HSP var með skrifstofuaðstöðu í kjallaranum, en það rými hefur nú verið tekið undir tækjabúnað. Því mun HSP fá nýja aðstöðu uppi í rjáfri yfir áhorfendastúku í suðurhlíð hússins. Stefnt er að því að hægt verði að vígja sundlaugina nú um miðjan júní.

Það er mikið tilhlökkunarefni þegar þessi glæsilega aðstaða verður tilbúin.

Nú er verið að mála öll herbergi og sameiginleg rými í Tröllasteini og á Fjalli og lýkur því verki fyrir mánaðarmót.

Á vorönn hef ég verið í viðræðum við menntamálaráðuneyti og fasteignir ríkissjóðs um framkvæmdir og frágang á lóð skólans. Heildarskipulag hefur aldrei verið unnið, né gengið frá lóðinni til fulls. Nú hefur verið ráðin bót á því og fyrir liggur teikning og heildarskipulag, sem hefur verið kynnt í menntamálaráðuneyti.

Þetta er kostnaðarsöm framkvæmd og á þessari stundu ekki ljóst, hvenær nákvæmlega fjármagn til þess fæst.

Bókasafn

Skrifað 14 maí 2011

Bókasafn Framhaldsskólans á Laugum Skólaárið 2004-2005

Safnið þjónar fyrst og fremst nemendum, kennurum og starfsmönnum skólans. Á haustönn voru skráðir 105 nemendur í skólann.

Safnkostur

Safnkostur í lok ársins var 6996 þar með talin rit í geymslu og á skrifstofu skólameistara. Afskrifuð voru 5 bindi á árinu. Jafnframt eru til 134 myndbönd á safninu, 29 geislaþlötur og 15 margmiðlunardiskar. Um 48 tímarit berast safninu reglulega, auk ýmissa fréttabréfa, þar af eru 37 í áskrift. Til kaupa á safnkosti var samtals varið kr. 390.780. Kostnaður vegna landsaðgangs að gagnasöfnum og bókasafnskerfisins, Gagnis, kr. 48.865, keyptur prentari og skanni kr. 76.826.

Síðast í janúarmánuði fengu allir landsmenn ókeypis aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins, að undanskildum 3 síðustu árum hverju sinni. Framhaldsskólarnir fengu tilboð sem við tókum um aðgang að þessum þremur árum og inn í því er áskrift að einu blaði.

Í janúar var vefur skólans og þar með bókasafnsins endurnýjaður. Ingólfur Sigfússon og Örlygur Hnefill Örlygsson, nemendur skólans, unnu vefinn og eiga miklar þakkir skyldar fyrir.

Starfsemi

Í byrjun október voru tekin upp rafræn útlán á safninu. Skráð útlán á skólaárinu voru samtals 1021 þar af voru skammtímalán 476. Lán á lesstofu voru ekki skráð, s.s. notkun orðabóka, ýmissa handbóka og tímarita. Kennarar koma oft með nemendur sína á safnið til þess að vinna ýmiss konar heimildavinnu. Þessi vinna var sérlega mikil, skemmtileg og árangursrík á vorönninni og margir námshópar sem komu reglulega á safnið nánast alla vorönninna. Millisafnalán voru 70. Flestar bækur og ljósrít af ýmsum greinum voru fengnar frá Amtsbókasafninu á Akureyri, Bókasafni Reykdæla og Bókasafninu á Húsavík o.fl. Í 8 tilvikum voru rit lánuð til annarra safna.

Fyrsta árs nemar komu í bókasafnskygningu í íslenskutímum snemma í september.

Í vetur fengu nýjustu tímaritin vikuvist á kennarastofu við góðar undirtektir kennara. Listi yfir tímaritin fylgdi hverju sinni svo auðvelt væri að halda utan um þau.

Fyrirverandi nemendur FL í námi á háskólastigi leita stundum til safnsins, og er reynt að aðstoða þá eftir föngum.

Innheimtur gengu nokkuð vel á vorönn, því nemendur fá ekki einkunnir sínar afhentar fyrr en þeir hafa skilað öllum gögnum á safnið. Hins vegar var rúmlega tuttugu ritum skilað á bókasafnið sem hvergi höfðu verið skráð. Það þarf augljóslega að brýna enn betur fyrir nemendum að ekkert megi fara óskráð út af safninu og gera þeim ljósa ábyrgð þeirra sérstaklega ef þeim er hleypt inn á safnið utan opnunartíma. Ekki kemur í ljós fyrr en síðar hvaða rit tapast endanlega. Við innheimtu gagna hefur gefist nokkuð vel að senda viðskiptavinum safnsins SMS skilaboð. Þóra Fríður Björnsdóttir sem tekur við safninu í haust vann með bókaverði af og til í apríl og maí. Skólasafnvörður var í 50% starfi í vetur.

Prentari

Bókasafnið og Bókasafn Reykdæla keyptu í sameiningu nýjan strikamerkjaprentarra til þess i að prenta strikamerki, kjalmíða og bókfræðilegar upplýsingar beint út úr kerfinu. Auk þess var keyptur strikamerkjalesari fyrir safnið.

Gjafir

Anna Helgadóttir frá Leirhöfn, fyrrverandi nemandi skólans, færði safninu nokkrar bækur að gjöf.

Fundir og námskeið

Bókavörður sótti Landsfund Upplýsingar sem haldinn var 16. og 17. september á Hótel Sögu í Reykjavík og haustfund framhaldsskóla á Norðurlandi sem haldinn var 15. október á Laugum.

Sótti jafnframt stutt námskeið á vegum Landskerfis bókasafna í upplýsingaleit, sem haldið var í Glerárskóla á Akureyri 24. janúar 2005.

Laugum 2. júní 2005

Gréta Ásgeirsdóttir skólasafnvörður

Tæknideild

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla tæknideildar 2004-2005

Starfsemin var með svipuðu sniði og undanfarin ár, dagleg umsjón með tölvubúnaði og kennslutækjum, samskipti við þjónustuaðila, viðgerðir og endurnýjun og aðstoð við starfmenn og nemendur. Tölvueign nemenda jókst til muna á

síðasta skólaári og enn varð mikil aukning í vetur. Háhraðasamband um fsnetið er nú aðgengilegt í flestum vistarverum skólans en þó vantar nokkuð upp á í hluta heimavistar í Gamla skóla.

Netþjónn var endurnýjaður á haustdögum og þeim gamla breytt í viðbótar eldvegg. og hefur hvort tveggja reynst vel.

Tölvuveirur valda alltaf óþægindum. Tölvur skólans eru vel varðar en aðra sögu er að segja af tölvum nemenda, þar er allur gangur á. Ekki hefur verið lagt í að taka hverja einstaka vél til skoðunar þannig að alltaf er eitthvað af óþrifum á ferðinni innan við eldvegginn. Þegar slíkt finnst er lokað á samband viðkomandi véla við umheiminn þar til þær hafa verið hreinsaðar.

Tölvur

Tölvukostur er óbreyttur frá fyrra ári. Uppistaðan í vélakosti á bókasafni og í tölvustofu eru gömlu Compaq vélarnar sem nú eru komnar langt fram yfir hæfilegan líftíma, enda voru þær að ljúka 7. starfsári sínu nú í vor. Þær hafa reynst með afbrigðum vel, drif eru farin að bila en að öðru leyti vinna þær enn sín verk að mestu eins og áður. Þær eru þó engan veginn í samræmi við kröfur tímans. Þetta eru rúmlega 20 vélar og því talsvert mál að endurnýja þær allar. Spyrja má hvort nauðsynlegt sé að skólinn ráði yfir fullbúinni tölvustofu þegar fartölvueign nemenda fer vaxandi. Því er til að svara að enn er nemendum ekki skylt að eiga fartölvu en kennarar fara oft með hópá til vinnu í tölvum og er því ljóst að enn um sinn verður skólinn að bjóða upp á aðgang að tölvuveri. Á bókasafni verða notendur að hafa aðgang að tölvum áfram.

Netþjónn er nýr, lagnir í góðu lagi og þráðlausa kerfið fullnægjandi ef frá er talið sambandið í Gamla skóla. Lítið mál og ódýrt ætti að vera að fjölga sendum eftir þörfum.

Skjavarpar

6 skjavarpar eru í notkun, þar af 4 fastir í kennslustofum. Ekki hafa komið fram óskir um að fjölga þeim.

Myndvarpar

Myndvarpar eru nú lítið notaðir og nóg til af þeim. Farga mætti þeim elstu og sennilega nóg að hafa einn í hverju húsi.

Prentarar

Prentaramál eru óbreytt.

Önnur tæki

Risograph fjöritunartækið sem nefnt var í síðustu skýrslu hefur nú verið úrskurðað ónýtt.

Framtíð

Engin sérstök stórverkefni eru ákveðin fyrir næsta skólaár, en eins og áður er sagt liggur fyrir að endurnýja vélbúnað í tölvustofu og á bókasafni strax þegar fjármunir fást til þess. Einnig þarf að endurnýja tölvu á skrifstofu skólameistara og tvær fartölvur kennara verða endurnýjaðar fyrir haustið. Elstu fartölvurnar eru farnar að þreytast, einkum hafa HP XE3 vélarnar daprast. Reynslan af IBM Thinkpad hefur hins vegar verið mjög góð.

Konráð Erlendsson, umsjónarmaður tæknimála

Námsráðgjöf

Skrifað 14 maí 2011

Framhaldsskólinn

á Laugum

Skýrsla námsráðgjafa fyrir vorönn 2005

Undirritaður var í námsleyfi á haustönn 2004, upplýsinga um þann tíma er því að leita í annarri skýrslu. Námsráðgjafi var með viðtalstíma alla virka daga vikunnar sem hér segir:

Á mánudögum milli kl. 14.30 og 15.20

Á þriðjudögum milli kl. 10.30 og 12.00

Á miðvikudögum milli kl. 14.30 og 15.20

Á fimmtudögum voru fastir viðtalstímar milli kl. 13.30 og 15.30.

Á föstudögum milli kl. 09.20 og 11.00.

Auk þessa höfðu þeir nemendur sem verst leið farsímanúmer námsráðgjafa og gátu haft samband þegar þeir vildu utan áður nefndra viðtalstíma. Voru málin oft leyst til bráðabirgða á þá leið og þegar mikið lá á. Viðtöl röðuðu sér annars sem hér segir:

	<u>Nemendaviðtöl</u>	<u>foreldrar/forráðamenn</u>	<u>kennarar</u>	<u> samtals</u>
Janúar	70	9	7	= 86
Febrúar	60	4	8	= 72
Mars	41	7	5	= 53
Apríl	26	6	16	= 48
Maí	16	2	2	= 20

Heimsóknir alls 279

Stærstur hluti nemendaviðtala var persónuleg aðstoð og ráðgjöf eða um 85%. Á fyrri hluta vorannar lesprófaði undirritaður alla nemendur almennrar brautar, auk þess sem þeim var boðið upp á einstaklingsviðtöl. Þá var öðrum nýnemum einnig boðið upp á viðtöl sem flestir þáðu. Þess skal getið hér að við alla nýnema var einnig rætt á haustönn. Einng voru nokkrir nemendur af öðrum námsbrautum lesprófaðir á vorönn.

Enn sem komið er sendir námsráðgjafi marga nemendur sem hann metur svo til frekari greiningar hjá sérkennurum.

Um viðtölin má annars segja þetta. Nokkrir nemendur þurftu aðstoð alla önnina vegna vanlíðunar. Ástæður eru margvíslegar, margar þeirra þó tengdar náminu á einhvern hátt. Má þar nefna slæmar mætingar, skipulagsleysi og ákveðið úrræðaleyfi og uppgjöf gagnvart verkefnum í einstökum fögum. Þá má óefað tengja vanlíðan sumra við óreglusamt lífni s.s. svefnleysi og litla eða enga hreyfingu. Helgarlíf nokkurra nemenda tekur gífurlegan toll af starfsþreki þeirra og heilsu allt of oft.

Það sem hér hefur verið tilgreint þarf allt að hafa í huga þar sem menntun og uppeldi á sér stað, það fellur í rauninni allt undir nám í víðasta skilningi þess orðs.

Mjög er misjafnt hversu vanir eða þjálfaðir foreldrar og forráðamenn eru í samskiptum sínum við skólakerfið. Kannski væri réttara að nota orðin reynsla eða reynsluleysi í þessu sambandi. Í flestum tilfellum hefur námsráðgjafi hér í skóla haft ákveðið frumkvæði í þessum efnum undanfarin ár og hefur það gefist vel. Allir foreldrar og forráðamenn virðast hafa kunnað því vel að skólinn ríði á vaðið í þessum efnum. Þessi mál þarf þó sennilega að festa betur í sessi og skipuleggja. Má hugsa sér það gert samtímis endurskoðun á umsjónarmannakerfi skólans næsta haust.

Mjög hefur dregið úr heimsóknum kennara á skrifstofu námsráðgjafa og undanfarin tvö til þrjú ár virðast þær að mestu bundnar tveim til þrem kennurum.

Svo er að sjá sem staðgengill frá haustönn hafi það sama að segja. Líklega má rekja ástæðu þessa til almenns tímaskorts kennara og námsráðgjafa. Tilheyrandi fundir umsjónarkennara, námsráðgjafa og áfangastjóra koma ekki að fullu í stað þessara heimsókna þó þeir bæti úr mörgu. Vert er þó að nefna það hér að þessum samskiptum sinnir skólameistari af mikilli alúð. Hugmyndir námsráðgjafa að endurskipulagi á umsjónarmannakerfi skólans er liður í því að koma þessum málum í betra horf. Þá væntir námsráðgjafi þess að niðurstöður könnunar og tvær litlar tilraunir á hans vegum geti opnað á frjórri umræðu og þar með skapað betra skólastarf.

Þó svo að flest gangi hér nokkuð vel eru vandamál sem vinna þarf að. Fyrst er að nefna slæmar mætingar nemenda en þar þarf að taka til hendi. Þá þarf að bæta þá hlið skólans sem snýr að heimanámi. Á báðum þessum sviðum vann undirritaður ákveðin verkefni með nemendum sem skiluðu umtalsverðum framförum hjá stórum hópi nemenda, sérstaklega þeim sem höllum fæti standa námslega. Þessara verkefna er nánar getið hér síðar. Niðurstöður vekja bjartsýni og hvetja til frekari athafna á þessu sviði næsta vetur. Til enn frekari úrbóta þurfa fleiri að leggjast á árar því væntanlega hafa allir starfsmenn stofnunarinnar þann metnað að hér sé öflugt skólastarf. Þetta viðhorf þurfa nemendur einnig að hafa því þeir eru nú einu sinni besta auglýsingin fyrir skólann. Skólinn á að standa fyrir öflugt nám og menntun fyrir alla sem hingað leita og á þeim forsendum á að kynna hann og auglýsa. Þegar upp er staðið er það sú hlið sem vegur þyngst þegar stofnunum eins og skólum eru gefnar einkunnir þó svo að öðru sé stundum haldið fram á hátíðum og tyllidögum.

Í sálfræðiáfangi 103 unnu nemendur könnun undir leiðsögn námsráðgjafa. Könnun þessi snerist almennt um nám nemenda við FL en 90% skólans svöruðu henni. Ekki er vafi á því að ýmsar niðurstöður þessarar könnunar, sem nú liggja fyrir á bók, má nýta í skólastarfi næsta vetrar.

Samarið 2004 samdi undirritaður námsefni fyrir almenna námsbraut skólans. Var efnið útbúið í möppu sem hver og einn fékk til eignar. Bar það nafnið „Að vera góður skólabeign“ – Námsefni fyrir almenna námsbraut. Að flestu leyti fellur efnið undir það sem kallað er lífsleikni og námstækni en fært að aðstæðum skólans og nemendum hans. Fjallað er m.a. um það að byrja í nýjum skóla, ábyrgð, námsvitund, áhuga og ýmsar leiðir við heimildaöflun og námstækni. Mikið er lagt upp úr verkefnavinnu. Námsefnið var notað á almennri braut skólans veturinn 2004 – 2005. Spurning er hvort þetta efni gæti nýst öðrum 1. árs nemendum skólans.

Námsráðgjafi stóð fyrir opnun lesstofu á vormisseri. Alls var um 13 skipti að ræða og mættu rúmlega 20 nemendur að jafnaði hvern dag en opið var fjóra daga vikunnar.

Greinileg þörf var á þessum tíma fyrir skipulagðan heimanámstíma og verður þessi tilraun vonandi vísir að einhverju meiru í þessum dúr næsta vetur. Námsráðgjafi hefur skrifað ítarlega skýrslu um þessa tilraun en þar má finna meiri upplýsingar og ábendingar um framhald á næsta vetri.

Námsráðgjafi stóð einnig fyrir átaki sem við getum kallað „Betri mæting“. Það verkefni snerist um það að bæta mætingu þeirra nemenda sem voru komnir undir 90% mörkin um miðjan febrúar í þremur tilgreindum námsgreinum sem undirritaður kenndi. Hér var um að ræða sálfræði, uppeldisfræði og áfanga í sögu. Í stuttu máli má geta þess hér að árangur varð greinilegur. Heildarmætingahlutfall allra nemenda í þessum áföngum batnaði um 6,3% en hjá þeim sem voru undir 90% markinu óx hún um 12.2 %.

Hvað kynningar á frekara námi varðar má geta heimsóknar nemenda frá Háskólanum á Akureyri í Framhaldsskólann á Laugum í fyrri hluta marsmánaðar, sú heimsókn er orðin árviss. Námsráðgjafi hvatti elstu nemendurna til að heimsækja sameiginlega háskólakynningu á Akureyri í marsmánuði sem einhverjir nýttu sér.

Námsráðgjafi dreifði til allra nemenda á þriðja og fjórða ári þeim kynningarblöðum og bókum er skólanum bærust auk þess sem öll slík gögn liggja sífellt frammi í rekka á göngum skólans öllum til boða og eru endurnýjuð með reglulegu millibili.

Að mati námsráðgjafa er mikilvægt að vinna áfram næsta vetur að betri mætingum nemenda, styrkja umsjónarmannakerfi, bjóða af og til upp á lesstofu og huga mætti að átaki í heilsuvernd og hollustu í lífnaðarháttum. Stór hluti skólans stundar íþróttir og hreyfir sig reglulega en hópur nemenda þarf þrátt fyrir það að taka á í þeim efnunum.

Þá er mikilvægt að haldið sé áfram að vinna að þróunar- og átaksverkefnum á hinum ýmsu sviðum skólastarfsins.

Sverrir Haraldsson